

Nd.

544. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 47, 20. desember 1901, um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Flutningsmaður: Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

1. grein laga nr. 47, 20. desember 1901, orðist svo:

Á helgidögum þjóðkirkjunnar er bönnuð öll sú vinna, úti og inni, er hefir þann hávaða í för með sjer, eða fer fram á þeim stað eða með þeim hætti, að hún raskar friði helgidagsins. — Svo er og bönnuð á helgidögum þjóðkirkjunnar öll vinna í atvinnuskyni við verksmiðjuíðnað eða handiðnað, námugróft, húsagerð og aðra mannvirkjagerð, heyskap, jarðabætur, slátrun, fiskveiðar, fiskverkun, vöruflutninga í kauptúnum, ferming og afferming skipa. — Þó skal heimilt að vinna þau verk, er miða að því að hjarga og hjálpa öðrum, sem í hættu eru staddir, eða eiga hana yfir höfði sjer. Svo er og heimilt að starfa að fiskveiðum, þegar ógæftir hafa gengið, og að heyþurkun, fiskþurkun og að fermingu og affermingu þurkaðs saltfisks, þegar óþurkar hafa gengið, einnig fermingu og affermingu á öðrum vörum, er veðráttá hefir hindrað, eða á torsóttum höfnum.

2. gr.

1. málslíður 2. greinar laganna orðist svo:

Kaup og sala í atvinnuskyni má eigi fara fram á helgidögum þjóðkirkjunnar, og skulu búðir kaupmanna og annara sölumanna, svo og skrifstofur þeirra og annara atvinnurekenda, vera lokaðar.

3. gr.

3. grein laganna falli niður.

4. gr.

1. málsg. 10. gr. orðist svo:

Brot gegn lögum þessum varða sektum, þann er vinna lætur, kr. 500—1000, og þann er verk vinnur, kr. 20—40, og skulu sektirnar renna í sveitarsjóð.

5. gr.

12. grein laganna orðist svo:

Tilsk. 28. mars 1855, opið brjef 26. sept. 1860, lög nr. 19, 6. nóv. 1897, svo og önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi, eru feld úr gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk verkamanna hjer í bænum. Hafa þeir nú um skeið haft mál þetta til meðferðar. Er þeim áhugamál að losna sem mest við erfiðisvinnu á helgidögum, nema þá er brýn nauðsyn ber til. Allmikið hefir verið hjer um helgidagavinnu, og oft og einalt, sem hennar hefir ekki virst nokkur þörf. Væri rjett, að reistar væru rikari skorður við henni en gildandi lög um það efni gera. Prestastefnan í sumar hafði mál þetta einnig til meðferðar og tjáði sig því mjög fylgjandi, að helgidagavinna færi ekki fram algerlega að þarflausu, eins og nú á sjer oft stað.

Frekari grein fyrir frumvarpi þessu verður gerð við framsögu málsins.